

ATHUGUN Á FISKASTOFNUM DEILDARÁR OG
DEILDARVATNS 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, okt 1990

VMST-N/90013X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORDURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ATHUGUN Á FISKASTOFNUM DEILDARÁR OG DEILDARVATNS 1990

INNGANGUR

Dagana 28. og 29. júlí 1990 var að beiðni Veiðifélags Deildarár gerð athugun á ástandi fiskastofna Fremri- og Ytri Deildarár og Ytra Deildarvatns.

Athugunin beindist einkum að laxastofni árkerfisins. Gengið var með allri ytri ánni og langleiðina fram að Fremra Deildarvatni með fremri ánni. Í ánum voru notaðar rafveiðar til að afla upplýsinga um seiðastofna þeirra. Í Deildarvatni voru látin liggja 8 net af mismunandi möskvastærðum yfir nóttina. Hér verður gerð grein fyrir þessum athugunum og rætt um fiskrækt og nytjar í ljósi þeirra.

LÝSING Á ÁNUM

Rennsli, botngerð, frjósemi og hitafar ráða miklu um hve vel fallnar ár og árhlutar eru til að fósra seiði og fiska hinna ýmsu tegunda. Laxaseiði þrífast best þar sem grýtt er, urriði nýttir sér best búsvæði þar sem nóg er um góð afdrep en bleikjan hefur vinninginn á opnum lygnum svæðum og þar sem vatnshiti er tiltölulega lágur.

Deildará á upptök sín í Fremra Deildarvatni og fellur að auki í gegnum Ytra Deildarvatn. Í ána falla einnig litlir lækir sem oftast eiga upptök í tjörnum eða litlum stöðuvötnum. Áin fellur öll um vel gróið láglendi og er Fremra Deildarvatn í taplega 90 m hæð yfir sjávarmáli. Deildará er því dæmigerð lindá. Í stöðuvötnunum hlýnar vatnið vel á sumrin, í þeim er mikil framleiðsla svifdýra og svifplantna sem rekur niður ána og auðgar þar mikið, mest næst útfalli vatnanna. Sveiflur í rennsli eru tiltölulega litlar og því er botninn stöðugur og framleiðsla ána rýrist ekki vegna botnskriðs.

Fremri áin er um 5.5 km á lengd og var gengið með neðstu 4 km. Að sögn Höskuldar Þorsteinssonar, sem var með þegar gengið var með ánni, er hún víðast grýtt á þeim kafla sem ekki var skoðaður. Ytra Deildarvatn er í um 30 m hæð yfir sjávarmáli og er fall árinna því um 60 m frá upptökum til ósa.

Á efstu rafveiðistöðunum er áin stórgrýtt og mjög ákjósanleg sem uppeldisstöð fyrir laxaseiði. Töluverður gróður var á steinum og þarna eru góð fylgsni sem henta einnig vel uppvaxandi urriðaseiðum. Hún er fremur grýtt næstu 2 km en þá verður hún hallaminni, breiður með litlum og smágrýttum brotum taka fyrst við en síðan fellur áin í lygnum stökk á um 1 km kafla. Í þessum lygnum eru lítil skilyrði fyrir laxaseiði, en stálpaðir urriðar dvelja oft á slíkum stöðum og þar sem dýpst er getur einnig legið fullorðinn lax.

Stokkurinn endar í klapparhafti og foss-flúð. Þar verður áin aftur grýtt á um 1 km kafla en síðasta km niður að vatni er áin hallalítill og fín í botninn.

Ytri Deildará er heldur lengri en fremri áin um 6 km og mun vatnsmeiri. Fremri áin er víðast 7-8 m breið, en ytri áin er 8-12 m og mun breiðari neðst. Þar sem ekki munar nema 30 m á yfirborði Ytra Deildarvatns og sjávar er halli ytri árinna því að meðaltali helmingi minni en halli fremri árinna. Þar eru því víða lygnur sem í er töluverður hágróður. Á slíkum stöðum þrífst urriði vel og það má reikna með að töluvert sé af staðbundnum urriða í ánni.

Við útfall vatnsins er stuttur brotakafli um 100-200 m langur. Þarna er mjög mikil framleiðsla og skilyrði fyrir uppvaxandi seiði eins og best verður á kosið. Þar sem brotið endar tekur við lítið lón, um 500 m langt. Þar fyrir neðan er áin fremur lygn og djúp í aðra 800 m en á þeim kafla eru nokkur stutt grýtt brot. Þar fyrir neðan eykst hallinn aftur og áin er grýtt og falleg á um 700 m kafla.

Á næsta 1 km eru lygnur ríkjandi, þótt þar séu einstaka brot innanum. Áin er síðan aftur grýtt og falleg á tæplega km kafla. Þar tekur við álika langur kafli þar sem lygnur eru ríkjandi. Að honum loknum er um 500 m löng grýtt flúð en síðan er áin aftur lygn og hallalítill í tæpan km, þar til komið er um 100 m fyrir ofan þjóðvegsbrúna, en þaðan er áin grýtt allt til ósa.

Í heildina má segja að uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði séu ágæt á um 50% af lengd Ytri Deildarár, en hinn helmingur árinna er of lygn til að laxaseiði geti staðist öðrum tegundum snúning á þeim svæðum.

NIDURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Alls var rafveitt á stö stöðum, þar af þremur í fremri ánni og fjórum í ytri ánni (Mynd 1). Seiðin voru lengdarmæld og sýni til aldursgreininga tekin af sumum þeirra. Rafveiðistaðir voru ávalt valdir þar sem botngerð og straumlag voru ákjósanleg fyrir laxaseiði, en mjög erfitt er að veiða þar sem lygnt er og djúpt. Ætla má að 25-30% þeirra seiða sem eru á brotunum náist og er veiðanleiki stærstu seiðanna mestur. Niðurstöður veiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Myndum 2 og 3.

Vorgömul seiði (0+) fundust einungis á stöðum 2 og 4. Þessi seiði voru enn mjög smá og ekki farin að dreifa sér mikið frá hrygningarstöðunum og því gefa rafveiðarnar ekki endilega rétta mynd af dreifingu þeirra um ána.

Á efsta rafveiðistaðnum, stað 1, veiddist mest af laxaseiðum á 4 ári, (3+) fá 2+ seiði og engin yngri. Á þessum kafla er áin stórgrýtt og hrygningarskilyrði léleg. Seiðin ganga upp ána og uppeldisskilyrðin nýtast því vel.

Vöxtur seiða er góður og hátt hlutfall 3+ seiða ber vitni góðum uppeldisskilyrðum fyrir stór seiði og mátulegri nýliðun.

Flest ganga seiðin úr Fremri Deildará til sjávar eftir fjóra vetur í ánni, og lítill hluti fer ekki út fyrr en eftir fimm ár.

Í Ytri Deildará er vöxtur seiða almennt betri en í fremmri ánni og bestur efst, næst útfalli vatnsins. Seiðapéttleiki er svipaður niður ána, en heldur dregur út vexti eftir því sem dregur úr áhrifum stöðuvatnsins. Efst ganga seiðin til sjávar eftir þriðja vetur, en neðar er ferskvatnsdvöl þeirra lengri, oftast fjögur ár. Lengdardreifing laxaseiðanna og vöxtur benda til að eins og er nýtast uppeldisskilyrði árinna vel laxaseiðum.

Urriðaseiði fundust á öllum stöðunum, mest á stöðum 3 og 4 þ.e. næst Ytra Deildarvatni. Urriði þarf að hrygna í rennandi vatni og í Ytra Deildarvatni er öflugur urriðastofn sem hrygnir í ánum. Seiðin ganga síðan upp eða niður í vatnið, oftast á öðru eða þriðja ári. Á stað 6 veiddust tveir urriðar, 24 og 26 cm langir og reyndust báðir vera á sjöunda aldursári (6+). Þetta er hægur vöxtur og ég geri ráð fyrir að fremur lítill hluti þess urriðastofns sem er staðbundinn í ánni nái þeirri stærð að hann geti étið gönguseiði. Þrátt fyrir þetta má reikna með að urriðinn taki þó nokkurn toll af gönguseiðagöngum á hverju ári.

FISKASTOFNAR YTRA DEILDARVATNS

Að kvöldi 28/7 voru lögð 8 net af mismunandi möskvastærðum í Ytra Deildarvatn. Möskvastærð neta hefur mikil áhrif á stærð fiska sem í netið veiðast og var smæsti möskvinn 16 mm á legg og sá stærsti 46 mm á legg. Þessi sería á að gefa nokkuð góða mynd af stærðardreifingu og tegundasamsetningu silungs yfir 18 cm sem er á því svæði sem netin eru lögð á.

Vaðið var út með netin frá austurlandinu. Þarna var hraunbotn og víðast fremur grunnt. Vitjað var um morguninn eftir og netin tekin upp. Alls veiddust 37 urriðar, 15 bleikjur og 2 laxar.

Laxarnir voru annars vegar um 5 punda hængur sem hafði dvalið 5 ár í ferskvatni og 1 ár í sjó og um 9 punda hrygna sem hafði dvalið 4 ár í ferskvatni og 2 ár í sjó. Ég tel líklegast að báðir þessir laxar hafi sem seiði alist upp í á en að uppruna þeirra sé ekki að finna í seiðasleppingu í vatnið, en um nokkurt árabil hefur verið sleppt þúsundum laxaseiða í vatnið á hverju ári. Mér þykir líklegra að laxarnir séu úr Fremri Deildará, því ferskvatnsaldur seiða efst í Ytri Deildará er oftast 3 ár. Laxar sem alist hafa upp neðar ættu lítið erindi fram í vatn. Urriðarnir og bleikjurnar sem veiddust voru almennt í góðum holdum, og rauðar eða rauðleitar á fiskinn. Aðrar upplýsingar eru teknar saman á Myndum 4 og 5.

Vöxtur bleikju og urriða er góður. Ekki fengust nógu margir kynþroska fiskar til að hægt væri að meta við hvaða stærð (lengd) vaxtarskilyrði fara að rýrna fyrir urriða og bleikju. Urriðinn er þó oftast ránfiskur og nær því almennt meiri stærð en bleikjan.

ÁLYKTANIR

Almennt talið má segja að uppeldisskilyrði ána nýtist vel til laxaseiðaframleiðslu og ekki er ástæða til að sleppa í þar seiðum eins og nú háttar. Þó gæti verið áráskipti á nýliðun einkum í Fremri Deildará.

Í lok júlí varð ekki vart við neinn fullorðinn lax í fremri áni, og líklegt er að laxinn bíði fram á haustið í Ytra Deildarvatni, áður en hann gengur upp í ána til hrygningar. Áin er fremur lítil og samgöngur við hana slæmar. Að öllu samanlögðu liggur mikilvægi fremri árinna fyrir lax því fyrst og fremst í uppeldisskilyrðum fyrir laxaseiði, en ekki í veiðimöguleikum.

Í Ytri Deildará er gnótt veiðistaða og víða góð uppeldisskilyrði sem nýtast vel. Það er á þessu svæði sem mestu möguleikarnir eru til að auka veiðina. Það yrði best gert með því að gera hana aðgengilegri með bættum slóðum eða stígum að áni og merkingum veiðistaða. Ég tel að það væri til bóta að hindra för laxa fram í vatnið fram á haustið með því að setja grindur í ána skammt fyrir neðan útfallið. Þannig yrði lax sem er upprunninn í Fremri Deildará eða úr vötnunum lengur í veiðinni. Mátulegt væri að hafa bil milli teina um 4-4.5 cm og hafa grindurnar þar sem straumur er nokkur því annars gætu þar virkað sem gönguhindrun fyrir seiði á leið til sjávar. Grindurnar ætti síðan að taka upp í lok ágúst eða byrjun september til að hrygningarlax kæmist fram í fremri ána.

Um árabíl hefur verið sleppt þúsundum laxaseiða í Ytra Deildarvatn. Ekki er neitt vitað með vissu um árangur þessara sleppinga, en sá lax sem út frá þeim kemur gengur að líkindum upp í vatnið þar sem hann veiðist illa. Laxaseiði sem alast upp í stöðuvötnum vaxa oftast vel og eru tiltölulega stór við sjögöngu. Slíkan vaxtarferil má auðveldlega greina í hreistri fullorðinna laxa. Því er mikilvægt að safna reglulega hreistursýnum af lögum úr afla veiðimanna til að hægt sé að nota árangur sleppinganna. Eins og ástandið er í dag er ekki ástæða til að sleppa smáseiðum í aðra hluta vatnakerfisins.

Líklega gefur netaveiðin ekki rétta mynd af bleikju- og urriðastofnum Ytra Deildarvatns. Bleikjan heldur sig oftast yfir mýkri botni þar sem tegundirnar eru í sambýli. Urriðinn er nær landi og þar sem grýtt er. Ég tel að tímælalaust sé hagkvæmt að veiða silung í atvinnuskini og þá ætti að leggja áherslu á að veiða bleikju. Kanna þarf nánar hvaða mörskvastraró neta henti best, en líklega mætti nota net sem eru 32 mm á legg, þ.e. 1 og 1/4 tommu. Finna þyrfti bleikjumiðin og ekki leggja net nær landi en 100 m. Bæta þyrfti aðkomuna að vatninu og prófa að selja stangaveiði í það, en takist að

Þróa hana gefur stangaveiðin mun meiri tekjur en netaveiði. Netaveiðin er fyrst og fremst atvinnuskapandi, jafnframt því sem hún getur verið til bóta fyrir stangaveiðina, sé rétt að staðið.

Ég tel að möguleikar til að bæta nýtingu og tekjur af laxa- og silungstofni vatnasvæðis Deildarár séu miklir og að fyrst í stað liggja mest á að bæta skipulag veiðanna og aðstöðu til þeirra.


Tafla 1. Fjöldi veiðdra laxa- og urriðaseiða af mismunandi aldri á hverja 100² í Deildará 28-29/7 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Lax


Stöð	Stærð	0+	1+	2+	3+
1	25x8	-	-	2.0	7.0
2	26x8	7.2	1.4	14.9	3.4
3	25x7	-	10.6	7.6	21.2
4	30x7	3.8	17.6	12.9	2.4
5	50x8	-	1.5	8.5	3.5
6	45x10	-	2.0	9.8	3.8
7	25x12	-	5.7	8.0	4.0

Urriði


Stöð	Stærð	0+	1+	2+	3+	6+
1	25x8	-	2.5	1.5	0.5	-
2	26x8	0.5	3.4	1.4	-	-
3	25x7	5.9	2.9	1.2	-	-
4	30x7	0.5	1.9	4.3	-	-
5	50x8	-	0.5	0.5	-	-
6	45x10	-	-	-	-	0.4
7	25x12	-	0.3	-	-	-




Mýnd 1. Vfirrlitskort af vatnasvæði Deildarará. Rafveiðistaðir hafa verið merktir inn á og númeraðir. Grýttir kaflar þar sem uppeldisskilyrði eru ákjósanleg fyrir laxaseiði hafa verið merkt(ð).



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Deildará 28-29/7 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Deildará 28-29/7 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 4. Lengdardreifing og vöxtur urriða sem veiddust í Ytra Deildarvatni 28-29/7 1990.

